

# ÁSKRIFTARRÉTTUR HLUTHAFA SAMKAUPA HF.

Hluthafafundur Samkaupa hf., kt. 571298-3769, samþykkti þann 19. desember 2024 heimild til handa stjórn félagsins til að hækka hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta og njóta hluthafar forgangsréttar að nýjum hlutum. Þann 23. desember 2024 ákvað stjórn Samkaupa hf. að leita aukins hlutafjár með útgáfu nýrra hluta á grundvelli framangreindrar heimildar stjórnar til hækkunar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er auglýsing þessi birt með sama hætti og eftir þeim sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, sbr. 1. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins.

Þeir hluthafar sem vilja nýta forgangsrétt sinn til áskriftar skulu senda staðfestingu þess efnis á netfangið [samkaup@deloitte.is](mailto:samkaup@deloitte.is) fyrir lok dags 3. janúar 2025. Við staðfestingu munu hluthafar fá send áskriftarloforð með nánari upplýsingum um hvernig þeir bera sig að vilji þeir nýta forgangsrétt sinn til áskriftar.

Áskriftarfrestur vegna áskrifta nýrra hluta er fyrir lok dags 10. janúar 2025. Stjórn mun taka afstöðu til áskrifta og tilkynna um úthlutun fyrir lok dags 11. janúar 2025. Greiðslufrestur vegna áskriftar hins nýja hlutafjár sem send er fyrir lok dags 10. janúar 2025 og samþykkt verður á grundvelli heimildar stjórnar er fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 13. janúar 2025 í samræmi við formleg greiðslufyrirmæli félagsins.

Hluthöfum er bent á að með undirritun á áskrift að hlutafé er komið á óskilyrt bindandi loforð þess sem skrifar sig þannig fyrir þátttöku í hlutafjárhækkun félagsins líkt og um skráningu í áskriftarskrá stjórnar félagsins væri að ræða.

Óski hluthafi eftir frekari upplýsingum,  
vinsamlegast hafið samband við [samkaup@deloitte.is](mailto:samkaup@deloitte.is).

Stjórn Samkaupa hf.

**samkaup**